

# Nokkrar tölur úr skýrsluhaldi mjólkurframleiðslunnar 2024


Fyrir nokkru var gerð grein fyrir niðurstöðum skýrsluhalds nautgripaæktarinnar hvað afurðir varðar en ýmsa meiri tölfraði er að finna í gagnagrunni skýrsluhaldsins. Því miður hefur tafist að koma orðum um þessar tölur á blað en hér á eftir er reynt að ráða nokkra bót á trassaskapnum.



Guðmundur Jóhannesson.

Það mun vera rétt um aldarfjórðungur frá því sjálfvirk mjaltatækni hélt innreið sína í íslensk fjós. Ekki verður annað sagt en að íslenskir bændur hafi tekið þessari tækni opnum örmum samhliða þeim miklu breytingum sem orðið hafa á framleiðsluáðstöðu. Á síðasta ári (2024) var svo komið að 59,1% búa notuðu þessa mjaltatækni og hækkaði hlutfallið úr 54,4% milli ára. Á þessum búum eru 74,6% allra mjólkurkúa sem framleiddu 76,8% allrar innvegginnar mjólkur. Sambærilegar tölur frá árinu áður eru 70,9% kúnna og 73,2% innlagðar mjólkur. Þetta er, eins og áður og eftir því sem ég kemst næst, hæsta hlutfall mjaltapjóna í heiminum. Þarna hefur orðið mikil breyting á síðastliðnum sex árum en árið 2019 voru mjaltapjónar á 40,6% búa og 54,6% kúnna voru mjólkaðar með þessari tækni. Fjölgun mjaltapjóna hefur einkum rutt mjaltabásunum úr notkun en á síðasta ári voru 14,5% búa með mjaltabás fyrir 11,9% kúnna. Mjaltakerfi voru í 26,4 fjósa og hlutfall kúa sem mjólkaðar voru á þann hátt var 13,5%.

Förgunarástæður kúnna á síðastliðnu ári voru um margt áþekkar fyrri árum en þó má merkja ákveðna þróun sem er að sumu leyti jákvæð og að öðru leyti ekki. Júgurbólga er tilgreind sem aðalástæða hjá



## Ekki hefur tekist að finna skýringu á miklum fjölda dauðfæddra kálfa hérlandis

flestum kúnna, eða 19%, en var 21,5% á árinu 2023. Næstalgengasta förgunarástæðan er ófrjósemi eða kýrnar hafi ekki fest fang, sem er tilgreint í 18% tilfella eða nánast sama hlutfalli og árið áður þegar það var 17,9% tilfella. Litlar afurðir er þriðja algengasta aðalástæða förgunar og er tilgreind í 9% tilvika samanborið við 10% árið á undan. Þær breytingar sem orðið hafa þarna á undanförmum árum eru að hlutfall kúa sem fargað er vegna júgurbólgu lækkar en á sama tíma hækkar hlutfall kúa sem fara vegna ófrjósemi. Þetta bendir til betra júgurheilbrigðis en lakari frjósemi eða þá að þolinmæði manna við að koma kálfi í kýrnar hefur minnkað með árunum.

Alls voru greind um 195 þús.

kýrsýni á árinu 2024. Samkvæmt reglugerð um stuðning í nautgripaækt þarf að skila kýrsýnum 8 sinnum á ári. Alls voru 34.160 kýr skýrslufærðar á árinu þannig að þetta jafngildir um 5,7 sýnum á kú til jafnaðar eða nálægt 7,8 sýnum á árskú. Það sýnir okkur að þátttaka í sýnatöku er góð þó auðvitað megi gera betur. Þær mælingar sem kýrsýnin gefa eru mikilvægt tæki við bæði bústjórn og í ræktunarstarfinu. Mikilvægt er að sýnataka sé framkvæmd með reglubundnum hætti og að vandað sé til hennar.

Kynhlutfall fæddra kálfa var eins og fyrr skekkt en áþekkt og verið hefur. Nautkálfar voru 53,3% fæddra kálfa samanborið við 53,2% árið áður. Ef horft til afdrifa fæddra

kálfa þá voru 64,1% nautkálfa settir á til lífs. Þetta hlutfall er ívið lægra en árið þegar hlutfallið var 64,8%. Hlutfall þeirra nautkálfa sem slátrað er nýfæddum hækkar eilítið milli ára, eða í 15,6% úr 14,5%. Samdráttur í ásetningi nautkálfa á sér án efa skýringu í óviðunandi afkomu nautakjötsframleiðslunnar. Af nautkálfunum fæðast 17,0% dauðir eða farast í fæðingu og 2,9% þeirra drepast innan 20 daga frá fæðingu. Á árinu 2023 voru þessi hlutföll 17,3% og 2,7%.

Ef lítið er til afdrifa kvígukálfa eru 85,3% þeirra settar á til lífs en þetta hlutfall var 85,5% árið áður. Förgun nýfæddra kvígna er svo gott sem óþekkt fyrirbæri en 0,9% er slátrað nýfæddum og er engin breyting frá fyrra ári þegar 0,7% var fargað. Hlutfall þeirra kvígna sem fæðast dauðar eða drepast í burði er 11,4% en var 11,8% árið áður. Þær kvígur sem drepast innan við 20 daga aldur telja 1,9% sem er 0,2% prósentustigum hærra en árið 2023.

Á þessu má sjá að úr þeim kálfadæðum sem verið hefur viðvarandi hefur ekki dregið svo neinu nemur, því miður. Ekki hefur tekist að finna skýringu á miklum fjölda dauðfæddra kálfa hérlandis, sem er mun meiri við 1. burð en seinni burði, þó víða hafa verið leitað. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til áhrifa margra þátta. Nefna má erfðapátt en fundist hefur arfgengi þó lágt sé. Nú er í gangi verkefni þar sem greina á erfðamengi dauðfæddra kálfa með það í huga að mögulega megi finna mein- og/eða banagen í stofninum. Annar þáttur er almenn bústjórn og stærð fæddra kálfa. Stærðin getur tengst bústjórn þar sem kvígurnar kunna að vera fullsterkt fódraðar á síðari hluta meðgöngu. Þá er áreiðanlegt að almenn notkun heimanauta á kvígur hefur áhrif en það að vita ekki væntanlegan burðardag gerir eftirlit og alla umhirdu fyrir burð í besta falli ómarkvissa. Eitt þeirra tækja sem hjálpað getur í baráttunni við kálfadæðun eru einkunnir fyrir burð feðraáhrif (BFA) og burð mæðraáhrif (BMA). Naut sem eru með lága einkunn fyrir BFA ættu menn t.d. alls ekki að nota á kvígur.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hlutfallslega burðardreifingu eftir mánuðum á árinu 2024 skipt eftir mjaltapjónabúum annars vegar og öðrum búum hins vegar. Þarna má sjá að burðir eru hlutfallslega flestir á vormánuðum á þeim búum sem ekki eru með mjaltapjóna. Þannig hefur þetta verið um langa hríð enda sækja kýrnar í að bera á vorin. Þá eru burðir hlutfallslega fleiri á haustmánuðum

en á t.d. sumrin en bændur vilja fremur að kýr og kvígur beri að loknu sumri m.t.t. bústjórnarlegra þátta. Á mjaltapjónabúunum er burðardreifingin ívið jafnari og þar er ekki að sjá topp í burðartíðni á vorin en aftur á móti kemur toppur í desember og janúar. Eflaust mætti ná betri nýtingu á mjaltapjónana með því að jafna burðardreifinguna enn frekar en kannski er eðlilegt að menn vilji ekki láta kýrnar/kvígurnar bera á sumrin þegar grófföðuð flun stendur sem hæst. Úr því rétt er um burði er rétt að nefna aldur við fyrsta burð. Á árinu 2024 reyndist hann vera 27 mánuðir að meðaltali sem er 0,2 mánuðum lægri meðalaldur en árið áður. Það er jákvæð þróun en betur má ef duga skal. Allar rannsóknir sýna að hagkvæmasti burðaraldur er í kringum 24 mánuðir og að því ber að sjálfsgöðu að stefna.

Síðla hausts 2022 innleiddum við erfðamengisúrval í íslenskri nautgripaækt og í samræmi við niðurstöður doktorsverkefnis Egils Gautasonar var ákveðið að stefna að því að arferðargreina sem flesta gripi. Niðurstöður Egils voru þær að ekki næðist herra öryggi kynbóta- eða erfðamat nema á arferðargreindum gripum. Veturinn 2022–23 var því hrundið af stað almennri sýnatöku úr fæddum kvígum og ekki verður annað sagt en að vel hafi tekist til. Íslenskir kúabændur hafa þar sýnt hvers þeir eru megnugir og tekið virkan þátt með sýnatöku úr kvígum. Þegar þetta er skrifað er búið að arferðargreina samtals 39.332 gripi og þar af eru 26.534 fæddir 2022 eða síðar. Sá tími að mikill meirihluti núlifandi mjólkurkúa, eða 80–90%, verði arferðargreindur nálgast því öðfluga. Það er, mér vitanlega, einsdæmi í heiminum og engin önnur þjóð sem nær víðlíka hlutfalli arferðargreindra gripa. Fyrstu nautin sem valin voru á nautastöð á grunni erfðamats fæddust haustið 2022. Sýnir þeirra eru farnir að skila sér á stöð og dætur þeirra munu skila sér í framleiðslu á árinu 2026. Þegar sá áfangi næst munum við fá mat á því hverju erfðamengisúrvalið skilar í auknum framförum. Stór hluti framfaranna liggur án efa í því að verulega gölluðum gripum ætti að fækka þegar ekki þarf lengur að afkvæmaprófa nautin fyrir notkun en eðlilega voru þau naut sem valin voru að mestu á grunni góðs áttar misjöfn að gæðum. Sá hópur sem valin er á grunni erfðamats er væntanlega jafnbetri og grunnurinn að ylinu traustari en áður var.

Íslensk nautgripaækt er að mörgu leyti á góðum stað í dag. Við höfum betri töl og tæki í höndunum en nokkru sinni áður og mjög góð þátttaka í skýrsluhaldi og ræktunarstarfi veitir okkur mikinn styrk þrátt fyrir smæðina. Það er mjög mikilvægt að viðhalda þessari stöðu og bæta enn frekar. Fyrir dyrum stendur að bjóða upp á kyngreint sæði sem gjörbreytir umhverfi íslenskra kúabænda um margt. Það er brýnt að nota þá tækni skynsamlega frá fyrsta degi og gera sér strax grein fyrir hver raunveruleg þörf hvers og eins bús er varðandi fjölda kvígna. Með marvissri notkun erfðamats og kyngreinds sæðis er hægt að bæta rekstrarafkomu umtalsvert en til þess þarf einbeita og skipulagða bústjórn. Það er nefnilega svo að þegar rýnt er í tölur má sjá að víða liggja ónotuð tækifæri í bústjórnarþætti hvers og eins bús.

Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgripaækt hjá RML.



## LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ

- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

